Starfsáætlun leikskólans Kirkjugerði

Skólaárið 2026-2027



Jákvæður agi, gleði og félagsfærni

Leikskólinn Kirkjugerði

Dalhrauni 1

900 Vestmannaeyjum.

Efnisyfirlit

Formáli 3

1. Um leikskólann Kirkjugerði 3

1.1 Samsetning starfsmannahópsins 3

1.2 Börn með sérstuðning 4

2. Leiðarljós skólans 4

3. Skólaárið 2025-2026. 5

4. Starfsemi á næsta skólaári 7

4.1 Skóladagatal. 8

4.2 Samstarf við nærsamfélagið 8

4.3 Uppákomur í leikskólastarfinu. 9

4.4 Foreldrasamstarf 10

5.Matsáætlun skólaárið 2026-2027 12

6. Umbótaráætlun skólaárið 2026-2027 16

Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera þróun í skólastarfi markvissari og sýna fram á að innra mat er umbótamiðað.

Starfsáætlun gerir kennurum, forráðamönnum og rekstraraðilum kleift að átta sig betur á starfi skólans, veitir þeim upplýsingar um starfsemina og innsýn í það hvernig faglegt starf gengur fyrir sig.

Í starfsáætluninni er meðal annars farið yfir ýmis praktísk atriði, hvernig faglega starfið gekk á síðastliðnu ári, hvernig unnið verður að umbótum á komandi skólaári og hvað er fram undan á næsta skólaári.

Foreldraráð gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá fræðsluráði Vestmannaeyja.

Umsögn foreldraráðs sem og skóladagatal er að finna aftast í áætluninni.

1. Um leikskólann Kirkjugerði

Leikskólinn Kirkjugerði var reistur 1974 fyrir gjafafé frá Hjálparstofnun kirkjunnar. Hann var upphaflega tveggja deilda leikskóli og árið 1976 var lítið hús reist á lóð leikskólans og nýtt sem ein deild. Árið 1991 var byrjað að byggja við leikskólann og árið 1994 hafði skólinn verið stækkaður um 563 fermetra. Árið 2018 var aftur byggt við Kirkjugerði og einni deild bætt við skólann, salur og kaffistofa starfsmanna voru stækkuð, nýtt eldhús var einnig byggt við. Í apríl 2024 var deildin Bjarnarey opnuð norðan megin við skólann og í apríl 2025 var nýrri deild bætt við skólann sem fékk nafnið Elliðaey, sú deild er staðsett við hliðina á Bjarnarey. Kirkjugerði er því orðin 7 deilda skóli með rými fyrir 124 nemendur.

Starfsemi leikskólans hefur þróast í takt við breytingar og kröfur samfélagsins um faglegt leikskólastarf, lengd dvalartíma barna, námsumhverfi og öryggi þau 50 ár sem hann hefur verið starfræktur.

1.1 Samsetning starfsmannahópsins

Í Kirkjugerði starfa 38 starfsmenn í 31,5 stöðugildum. Af þeim eru sjö með leyfisbréf til kennslu, tveir starfsmenn eru með B-ed í leikskólakennarafræðum og tveir starfsmenn með aðra háskólamenntun.

Tveir starfsmenn sinna 100% stuðningsstöðu við börn með sérþarfir á deildum og einn sinnir stuðningstöðu að hluta. Tveir starfsmenn skipta með sér 1.5 stöðugildi í eldhúsi og einn starfsmaður vinnur í Kirkjugerði á vegum atvinna með stuðning.

Leiðbeinendur eru 26 og margir þeirra með áralanga reynslu af leikskólastarfi.

1.2 Börn með sérstuðning

Þrír nemendur eru með sérstuðning, samtals 18,5 tíma á dag. Hvað varðar málörvun eru 22 börn í auka þjálfun vegna málþroskafrávika, framburðarerfiðleika eða tvítyngis. Þau börn eru ýmist komin með greiningar, eru í ferli eða fá auka málörvun vegna tvítyngis.
Sérkennslustjóri heldur utan um öll mál er varða sérkennslu.
Sérkennsluráðgjafi Vestmannaeyjabæjar kemur í leikskólann eftir þörfum og veitir starfsmönnum ráðgjöf varðandi sérkennslubörn. Auk þess eru fleiri fagaðilar sem koma að ráðgjöf og greiningum leikskólabarna og hefur skólinn aðgang að sérfræðiþjónustu Vestmannaeyjabæjar. Þar starfa sálfræðingur, félagsráðgjafar og auk þess er aðkeypt þjónusta talmeinafræðings. Með öflugum stuðningi og þjálfun í leikskóla minnkum við líkur á að börn eigi við alvarlega námsörðuleika að etja í grunnskóla. Í september var aukið við sérkennslustjórastöðu skólans þar sem staðan fór úr 80% í 100% stöðu.

2. Leiðarljós skólans

Í Kirkjugerði leggjum við áherslu á:

- Að börn fái tækifæri til að læra í gengum leik og eigin upplifanir.
- Að börn séu virkir þátttakendur í eigin þekkingarleit.
- Að börn séu félagslega sterkir einstaklingar.

Einkunnarorð skólans eru:

Jákvæður agi: Jákvæður agi felur í sér að setja barninu skýr mörk og einfaldar fáar reglur sem barnið á auðvelt með að fara eftir. Það felur í sér að barnið finnur til öryggiskenndar þegar það veit mörkin og finnur að hinn fullorðni ber umhyggju fyrir velferð þess. Jákvæður agi styður við að barnið læri smá saman eftir þroska og aldri sjálfsaga sem öllum er mikilvægur til að takast á við mótlæti og erfiðleika. Jákvæður agi kennir barninu þá félagsfærni að sýna náunganum tillitsemi en eflir það jafnframt til sjálfræðis og að standa við eigin sannfæringu.


Gleði: Börnin í leikskólanum Kirkjugerði eiga að njóta leikskóladvalar sinn í styðjandi leikskólaumhverfi sem einkennist af gagnkvæmri virðingu barna og fullorðinna og viðurkennandi samskiptum. En í slíku umhverfi er litið á börn sem sterka og hæfa einstaklinga og hafa leikskólakennarar trú á getu þeirra. Báðir aðilar sjá hvorn annan sem jafngilda einstaklinga með það að markmiði að barnið verði meðvitaðra um eigin getu, sjálfstæðara og umburðarlyndara. Til þess verður barnið að fá frelsi til eigin hugsana og tilfinninga og að reyna hæfni sína við fjölbreytt viðfangsefni. Skapa á aðstæður þannig að börnin geti hjálpað sér sem mest sjálf og valið sér

viðfangsefni eftir áhugahvöt hverju sinni. Kennarinn á að styðja við áhugahvöt barnsins og athafnagleði sem er drifkraftur barnsins í eigin þekkingarleit og eflingu sjálfstæðis.


Félagsfærni: Félagsfærni er lærð hegðun þar sem hinn fullorðni er börnum mikilvægasta fyrirmyndin . Börn læra yrta og óyrta félagslega hegðun með því að fylgjast með því hvernig fullorðnir haga sér. Það að búa yfir góðri félagsfærni og vera flinkur í mannlegum samskiptum er mikilvægur mannlegur kostur. Með því að efla ábyrgð barna og gera þau meðvitaðri um gildi jákvæðra og uppbyggilegra samskipta sín á milli, styrkjum við félaglega hæfni þeirra sem eykur lífsgæði þeirra til engri tíma.

3. Skólaárið 2025-2026.

Leikskólastarf var nokkuð hefðbundið í Kirkjugerði skólaárið 2025-2026. Starfið gekk mjög vel, starfsmannahópurinn var samheldin og kærleikur ríkti í hópnum. Nemendafjöldi í skólanum var sá mesti sem hefur verið frá því að Kirkjugerði var stofnað eða 124 nemendur. Eins og fram hefur komið í fyrri starfsáætlun stækkaði skólinn um tvær deildar og hefur það ferli gengið vel. Lóðin í kringum skólan er of lítil þar sem nýju deildarnar tvær Elliðaey og Bjarnarey tóku pláss af lóðinni og eins hefur nemendum fjölgað. Í upphafi ferlisins við stækkun skólann var talað um að gera ætti nýja lóð sunnanmegin við skólan. Vinna við þá lóð hófst ekki fyrr en í júní 2026 og kemur því um það bil tveimur árum seinna er talað var um. Þessi stækkun á útisvæði skólans veður kærkomin þar sem sú lóð sem fyrir er, er of lítil fyrir 124 nemendur.





Skólapúlsinn sendi út starfsmannakönnun fyrir hönd skólans í mars 2026. Þátttakan var góð og almenn ánægja var í skólanum. Starfsandi mældist góður en hafði farið aðeins niðurávið (0,5%) frá því ef mælingar voru gerðar fyrir tveimur árum, vinnuálag hafði farið upp um 0,2 % og ánægja með vinnuaðstöðu hafði farið niður um 0,1%. Þetta eru örfáar prósentulækkanir sem má líklegast rekja til örar stækkunar skólans þar sem innviðið hefur ekki fylgt eftir og töluvert álag verið á starfsfólki vegna þess.




Eins og áður hefur komið fram þá er lóðin of lítil og þrátt fyrir fjölgun á deildarstjórum sem og kennurum í öðrum verkefnum hafa vinnuaðstæður kennara ekkert breyst. Enn hafa sjö deildarstjórar þrjár tölvur til afnota á undirbúningstíma, þessar tölvur eru í gangvegi þar sem ekki gefst mikill friður né rými til undirbúningsvinnu. Ekkert fundarrými er í skólanum og aðstaða til einkasamtala er ekki til staðar.

Starfsfólks skólans telur væntingar og markmið í starfinu skýr, vita til hvers er ætlast af þeim í starfi og vita hvað fellur undir þeirra ábyrgð. Samstarf í skólanum er gott að mati kennara og stuðningur frá yfirmönnum góður. Einnig kemur fram í ánægjukönnuninni að starfsfólk sé ánægt með faglegt og vel unnið starf. Ekki sé mikil starfsmannavelta og stöðuleiki sé í starfsmannamálaum. Almenn jákvæðni ríkir í starfsmannahópnum. Stjórnendur tóku starfsmannasamtöl í apríl og maí. Almenn ánægja var í viðtölunum.







Við höfum því miður ekki getað sinnt þróunarverkefninu okkar, „Innleiðing á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna“ nógu vel í vetur. Margir þættir komu þar inní og óskaði skólastjóri eftir ári til viðbótar í innleiðingarferlið. Sú ósk var samþykkt. Verkefnið var upprunalega til tveggja ára og munum við því fá auka ár í innleiðinguna sem er gott fyrir verkefnið í heild sinni. Fjórir kennarar sóttu framhaldsnámskeið á vegum UNICEF en þeir kennarar sem ættluðu á innleiðingarnámskeið í borginni komust ekki vegna veðurs.

Unnið var markvisst með annað námsefni síðastliðinn vetur. Lubbi var á sínum stað með málbeinin sín þar sem lögð er áherlsa á málhljóðin og eins var innleiðing á TMT markvisst haldið áfram frá síðasta vetri. Allur skólinn er með tákn vikunar sem birtist í öllu okkar starfi. Markviss orðaforðakennsla fer fram daglega meðal annars í formi lesturs, söng og þulum, orði vikunnar og æfingar í frásögn fyrir hóp. Nemendum er skipt niður í litla hópa þar sem lögð er áhersla á markvissa þjálfun hlustunarskilnings meðal annars í formi lesturs, fyrirmæla og hlustunar á sögur af hljómtækjum. Töluverð aukning hefur verið á bókakosti skólans þar sem keyptar hafa verið fjölda bóka sem nýtast kennurum og nemendum í innleiðingarferli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Mikið var unnið með samfélagið, eyjarnar, örnefni og nærumhverfi nemenda, bæði á yngri deildum sem og eldri. Stór hluti foreldra elstu barna í skólanum buðu þeim að koma í heimsókn á vinnustaði sína þar sem nemendur fengu að kynnast fyrirtækunum í bænum. Þessar heimsóknir voru einstaklega skemmtilegar og mikil upplifun fyrir alla. Yngri deildarnar nýttu einnig nærumhverfi skólast til náms og leikja.

Í tilefni af degi leikskólans þann 6. febrúar var skólinn með myndlistasýningu um allan bæ. Við í Kirkjugerði og aðrir bæjabúar vorum mjög ánægð með sýninguna og fram eftir önninni var skólinn í samstarfi við Herjólf þar sem deildarnar skiptust á að vera með myndlistasýningu í afgreiðslu Herjólfs.



Tveir kennarar í skólanum þær Erla María og Gréta Guðný hlutu hvatningarverðlaun fræðsluráðs Vestmannaeyja í maí síðastliðinn fyrir framúrskarandi vinnu við kennslu elsta árgangsins í skólanum. Voru þær stöllur vel að þeim verðlaunum komnar. Sótt var um styrk í þróunarsjóð Vestmannaeyja fyrir verkefninu „Heimabærinn minn, staðir og lífríki í Vestmannaeyjum“ og vorum við svo heppin að fá þann styrk. Markmiðið með verkefninu er að kynna nærumhverfi og lífríkið í Vestmannaeyjum fyrir elstu börnum skólans og byggja upp útinámssvæði í gamla hrauninu fyrir alla nemendur, en byrjað var á því verkefni síðastliðið sumar.

Útskrift elsta árgangsins okkar var að venju í júní. Við þurfum að gera aðrar ráðstafanir varðandi útskrift á næsta ári þar sem salurinn okkar rúmar ekki lengur allan þennan fjölda. Hugmyndir um að vera með útskriftina utandyra hafa skotið upp kollinum.

Sumarhátíð foreldrarfélagsins fór fram í júní. Hátíðin heppnaðist mjög vel, veðrið lék við okkur og mikill fjöldi lét sjá sig.

4. Starfsemi á næsta skólaári.

Ég sé fram á að skólastarfið 2026-2027 mun verða með svipuðum hætti og fyrri ár. Einungis munu 25 nýjir nemendur hefja skólagöngu í Kirkjugerði á þessu hausti. 21 nemandi á yngsta ári og 4 eldri nemendur. Aðlögun á yngstu deildum mun því einnig eiga sér stað í janúar 2027 fyrir þá nemendur sem eru orðin eins árs á þeim tímapunkti.

Á skólaárinu mun innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna vera rauður þráður í skólastarfinu og stefnum við á að fá viðurkenningu UNICEF sem Réttindaskóli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna vorið 2027. Eins munum við leggja mikla áherslu á málörvunarstundir með handbókina okkar,

„Snemmtæk íhlutun í mál og læsi“, okkur til hliðsjónar. Hópastarf fer fram daglega þar sem viðfangsefnin eru mismunandi eftir aldri og áhugasviði hvers hóps, vettvangsferðir verða fastir liðir eins og fyrri ár ásamt öllu hinu sem við lærum í skólanum okkar. Við munum halda áfram að vinna með málörvunarefnið *Lubbi finnur málbein* og TMT mun einnig skipa stóran sess í skólastarfinu. Samræmt dagskipulag deilda þar sem rík áhersla verður á að skipta barnahópnum upp í smærri hópa, stuðla að auknu sjálfræði og lýðræði barna í skólastarfinu og jafnrétti barna til náms óháð aldri, verður áfram þungamiðja leikskóladagsins.



Tvisvar á ári fer fram skráning á málhegðun og málþróun hjá öllum nemendum skólans sem eru tveggja ára og eldri. Fyrsta skráning fer fram 2 ára og 3 mánaða og svo á 6 mánaða fresti eftir það. Í kjölfar niðurstaðna úr skráningu eru foreldrar boðaðir í viðtal og farið er yfir niðurstöður með foreldrum. Í þeim tilfellum sem aðgerða er þörf er gerð tveggja mánaða einstaklingsnámskrá fyrir barnið sem unnið er með bæði heima og í leikskólanum.

Við skráningu sex mánuðum síðar er farið yfir hvort þurfi að gera frekari áætlanir um skimanir eða tilvísanir til annara sérfræðinga til að ýta undir þroska barnsins.

Allt nám fer fram í gegnum leikinn samkvæmt nýjum áherslum í Aðalnámskrá leikskóla.

4.1 Skóladagatal.

Uppbrot í skóladagatali skólaársins 2026-2027 einkennist af menningarbundnum hefðum og hefðum í skólastarfinu s.s. útskriftarferð, útskrift og opið hús að vori í samstarfi við foreldrafélagið. Samstarf við Víkina, Hraunbúðir, foreldrafélagið, bókasafnið og Landakirkju svo fátt eitt sé nefnt.

Skipulagsdögum skólans verður dreift á skólaárið og fara starfsdagar fram á dagvinnutíma eins og síðasta skólaár.

Skráningardagar verða í vetrarfríi grunskóla, á milli jóla og nýárs og í dymbilbiku. Foreldrar geta skráð börn sín sérstaklega þessa daga, að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir þeim í skólanum.

Skóladagatalið er aftast í þessari starfsáætlun. Í því kemur fram hefðir í skólastarfinu og starfsdagar leikskólans.

4.2 Samstarf við nærsamfélagið.

Kirkjugerði er í samstarfi við ýmsa aðila í nærsamfélaginu.

Þrír elstu árgangarnir fara í heimsókn á Hraunbúðir, dvalarheimili aldraðra, nokkrum sinnum í mánuði og eiga góðar stundir með þeim sem þar búa. Bæði er farið í heimsókn í Bjargið dagdvöl og Hugarró.

Elsti árgangurinn fer í heimsókn í Víkina á vormánuðum. Þar fá nemendur að hitta kennarana sína fyrir næsta skólaár, skoða skólann og námsgögn.

Eins hefur samstarf við Íþróttahúsið verið að aukast bæði í formi myndlistasýninga sem og afnot af leikfimissölum hússins í fríum grunnskóla. Elstu nemendur skólans hafa einnig farið í heimsóknir á söfn, lögreglustöðina og slökkvuliðsstöðina svo fátt eitt sé nefnt. Einnig hefur samstarf við Bókasafn Vestmannaeyja aukist til muna.

4.3 Uppákomur í leikskólastarfinu.



Elstu nemendur í Kirkjugerði fara í heimsókn í Landakirkju í desember. Þessi ferð er ávallt mikið tilhlökkunarefni því alltaf er farið með rútu í þessar ferðir og eftir heimsóknina í kirkjuna er tekin smá rúntur um bæinn.

Einsi Kaldi leggur sitt af mörkum til að skapa jólaandann í leikskólanum og býður upp á purusteik í hádeginu einn dag í desember.

Jólaballið með heimsókn frá jólasveininum er fastur liður í desember.

6. febrúar á degi leikskólans hafa nemendur verið með myndlistasýningu í bænum og skólinn boðið nemendum og kennurum uppá sparikaffi.

Haldið eru upp á bolludag og sprengidag með því að bjóða uppá bollur í öll mál og saltkjöt og baunir. Á öskudaginn koma börn og starfsmenn í grímubúningum í leikskólann og kötturinn er sleginn úr tunnunni, síðan skemmta sér allir saman við dans í salnum.

Breyting verður á sameiginlegri söngstund í sal þar sem nemendafjöldi hefur aukist mikið og salurinn rúmar ekki alla í einu. Fyrsta föstudag í mánuði hittast þó allir nemendur skólans og syngja saman þau lög sem verið er að æfa hverju sinni. Við erum svo heppin í Kirkjugerði að vera með nokkra gítarleikara í starfsmannahópnum og njóta allir góðs af því.



Í Kirkjugerði er barnið í brennidepli á afmælisdaginn sinn. Þann dag býður barnið upp á ávexti sem það velur úr eldhúsinu og fá afmælisbörnin að velja sér ákveðin borðbúnað til að matast þann daginn. Afmælisbarnið fær kórónu og fallegt kort frá deildinni sinni á afmælisdaginn.

4.4 Foreldrasamstarf

Í leikskólanum er starfrækt foreldraráð og foreldrafélag. Hlutverk foreldraráðs er að:

- Gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans
- Fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum
- Hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi

Hlutverk foreldrafélagsins er að:

- Styðja við skólastarfið
- Stuðla að velferð nemenda skólans
- Efla tengsl heimilis og skóla
- Hvetja til virkrar þátttöku foreldra í skólastarfi
- Hagsmunagæsla, aðhald og eftirlit með skólastarfinu

Samstarf við foreldra fer að mestu fram með daglegum samskiptum þegar þeir koma með eða sækja börnin sín. Deildarstjórar senda vikulega pósta með myndum úr starfinu á foreldra þar sem þeir segja frá hvernig hefur gengið þá vikuna og hvað sé fram undan. Einnig er skrifað á upplýsingatöflu í fataklefa hvað var gert yfir daginn.

Við upphaf leikskólagöngu barnsins fara foreldrar í ýtarlegt viðtal við deildarstjóra á þeirri deild sem barnið byrjar á.

Eins og hefur komið fram eru foreldraviðtöl einu sinni á ári í kjölfar TRAS skráningar. Jafnframt geta foreldrar eða deildastjórar ávallt óskað eftir foreldrafundi ef þörf er á.

Almennur foreldrafundur er haldinn í september/ október og þar er foreldrum kynntar faglegar áherslur í skólastarfinu, starfsaðferðir, hefðir og venjur.

Yfirmatsþáttur	*Undirmatsþáttur*	*Matsaðferð*	*Hvenær metið*	*Hverjir framkvæma*	*Hvað gert við niðurstöður matsins*
Stjórnun	*Skólanámskrá, starfsfáætlun, umbótaáætlun og verklagsreglur*	*Tekið fyrir í starfsmannasamtöl um, skipulagsdögum og deildarstjórafundum*	*Vorönn 2027*	*Allir starfsmenn*	*Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaáætlun skólaársins 2027-2028*
Uppeldis og menntunarstarf	*Skipulag náms og námsaðstæður*	*Tekið fyrir í starfsmannasamtöl um og á skipulagsdögum*	*Vorönn 2027*	*Allir starfsmenn*	*Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaáætlun skólaársins 2027-2028*
	Uppeldi, menntun og starfshættir	*Tekið fyrir í starfsmannasamtöl um og á skipulagsdögum*	*Vorönn 2027*	*Allir starfsmenn*	*Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaáætlun skólaársins 2027-2028.*
	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	*Gátlisti fyrir kennara og nemendur*	*Vorönn 2027*	*Allir í skólanum*	*Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaáætlun skólaársins 2027-2028*

Yfirmatsþáttur	*Undirmatsþáttur*	*Matsaðferð*	*Hvenær metið*	*Hverjir framkvæma*	*Hvað gert við niðurstöður matsins*
Uppeldi og menntunarstarf	*Námssvið leikskólans*	*Stjórnendur fylgjast reglulega með starfi á deildum út frá viðfangsefnum innra mats*	*Vorönn 2027*	*Stjórnendur*	*Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaáætlun skólaársins 2027-2028.*
	Leikskóli án aðgreiningar	*Foreldrakönnun skólapúlsins. Sérkennslustjóri heldur skráningar*	*Vorönn 2027*	*Stjórnendateymið*	*Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaáætlun skólaársins 2027-2028.*
	Mat á námi og velferð barna	*Skráningar, TRAS og námsáætlanir*	*Vorönn 2027*	*Stjórnendateymið*	*Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaráætlun skólaársins 2027-2028.*
Leikskólabragur	*Viðmót og menning*	*Foreldrakönnun skólapúlsins.*	*Vorönn 2027*	*Foreldrar*	*Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaráætlun skólaársins 2027-2028.*

Yfirmatsþáttur	*Undirmatsþáttur*	*Matsaðferð*	*Hvenær metið*	*Hverjir framkvæma*	*Hvað gert við niðurstöður matsins*
Leikskólabragur	*Velferð og líðan barna*	*Foreldrakönnun skólapúlsins*	*Vorönn 2027*	*Foreldrar*	*Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaáætlun skólaársins 2027-2028.*
	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	*Foreldrakönnun skólapúlsins*	*Vorönn 2027*	*Foreldrar*	*Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaáætlun skólaársins 2027-2028.*
	Viðhorf foreldra	*Foreldrakönnun skólapúlsins*	*Vorönn 2027*	*Foreldrar*	*Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaáætlun skólaársins 2027-2028.*
Innra mat	*Framkvæmd*	*Greining á fyrirliggjandi gögnum út frá gátlistum starfsmannasamtala. Reglulegir fagfundir*	*Vorönn 2027*	*Stjórnendateymið*	*Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaáætlun skólaársins 2027-2028.*
	Gagnaöflun og vinnubrögð	*Greining á fyrirliggjandi gögnum út frá gátlistum starfsmannasamtala.*	*Vorönn 2027*	*Stjórnendur*	*Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaáætlun skólaársins 2027-2028.*

Yfirmatsþáttur	*Undirmatsþáttur*	*Matsaðferð*	*Hvenær metið*	*Hverjir framkvæma*	*Hvað gert við niðurstöður matsins*
Innra mat	*Opinber birting og umbætur*	*Greining á fyrirliggjandi gögnum út frá gátlistum*	*Vorönn 2028*	*Stjórnendur*	*Birtar á heimasíðu leikskólans og nýttar í umbótaáætlun skólaársins 2027-2028.*

Umbótaþættir	*Markmið með umbótum*	*Aðgerðir til umbóta*	*Tímaáætlun*	*Ábyrgðaraðili/ar*	*Endurmat: Hvenær, hvernig*	*Viðmið um árangur*
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	*Efla móttökuáætlun nýrra starfsmanna sem og fræðslu um öryggismál og slysavarnir.*	*Að stjórnendateymið kynni sér áætlunina og vinni eftir henni. Hafa fræðslu á skipulagdögum um öryggismál*	*Skólaárið 2026-2027*	*Stjórnendateymi*	*Vor 2027*	*Þekking og þátttaka allra á málefninu*
Leikskólaþróun og símenntun	*Að halda utanum símenntun starfsfólks*	*Stjórnendur búa til rafrænt skjal þar sem hver starfsmaður getur fyllt út sína endurmenntun*	*Skólaárið 2026-2027*	*Stjórnendur*	*Vor 2027*	*Að kennarar og aðrir beri ábyrgð á sinni símenntun í samstarfi við stjórnendur*

Umbótaþættir	*Markmið með umbótum*	*Aðgerðir til umbóta*	*Tímaáætlun*	*Ábyrgðaraðili/ar*	*Endurmat: Hvenær, hvernig*	*Viðmið um árangur*
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og veklagsreglur	*Að efla aðkomu starfsfólks við gerð skólanámskrá og áætlana*	*Spurningarlistar sem starfsfólk getur farið yfir og svarað. Stjórnendateymi*	*Sólaárið 2026-2027*	*Allir starfsmenn.*	*Vor 2027*	*Að starfsfólk þekki áætlanir skólans og geti unnið eftir þeim.*
Skipulag náms og námsaðstæður	*Að fá aukið rými til sérfræðiþjónustu og bæta vinnuaðstæður kennara. Bæta þarf tölvubúnað fyrir deildarstjóra.*	*Búið er að sækja um auka fjármagn til þess að kaupa fartölvur fyrir alla deildarstjóra. Með því er auðveldara að vinna víðsvegar um skólann. Það er lítið hægt að gera í plássleysinu þegar kemur að fundarýmum og undirbúningsaðtöðu*	*Skólaárið 2026-2027*	*Stjórnendateymið*	*Vor 2027*	*Meira rými til funda og annara sérverkefna. Að deildarstjórar geti sinnt tölvuvinnu inni á deildum ef það hentar.*

Umbótaþættir	*Markmið með umbótum*	*Aðgerðir til umbóta*	*Tímaáætlun*	*Ábyrgðaraðili/ar*	*Endurmat: Hvenær, hvernig*	*Viðmið um árangur*
Mat á námi og velferð barna	*Að nemendur taki meiri þátt í að meta nám sitt.*	*Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna*	*Vor2027*	*Allt starfsfólk*	*Vor 2027*	*Sýnilegar raddir nemenda*
Fagmennska starfsfólks	*Að auka reglulega deildarfundi og fagfundi fagfólks.*	*Deildarstjórar ákveða deildarfundi á útiverutíma og fylgja því eftir.*	*Skólaárið 2026-2027*	*Stjórnendur*	*Vor 2027*	*Að deildarfundir komist í fast form og fagfundir séu haldnir tvisvar sinnum á önn.*

Nafn leikskóla: KIRKJUGERÐI

	ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ
1	L		1 Þ		1 F		1 S		1 Þ	Fullveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 M		1 M		1 F		1 L	Verkalýðsdagurinn	1 Þ		1 F	
2	S		2 M		2 F		2 M	Lestrarátak Lubba hefst	2 M		2 L		2 Þ		2 Þ		2 F	Dagur einhverfunnar	2 S		2 M		2 F	
3	M	Fridagur verslunarmanna	3 F		3 L		3 Þ		3 F	Mála piparkökur	3 S		3 M		3 M		3 L		3 M		3 F		3 L	
4	Þ		4 F	Skipulagsdagur	4 S		4 M		4 F		4 M	Skipulagsdagur	4 F		4 F		4 S		4 Þ		4 F		4 S	
5	M		5 L		5 M		5 F		5 L		5 Þ		5 F	Dagur leiksins	5 F		5 M		5 M	Skipulagsdagur	5 L		5 M	
6	F		6 S		6 Þ		6 F		6 S		6 M	Þrettándinn	6 L	Dagur leikskólans	6 L		6 Þ		6 F	Uppstigningardagur	6 S	Sjómannadagurinn	6 Þ	
7	F		7 M		7 M		7 L		7 M		7 F		7 S	Dagur tónlistarskólans	7 S		7 M		7 F	Skipulagsdagur	7 M		7 M	
8	L		8 Þ	Dagur læsis	8 F		8 S	Baráttudagur gegn einelti	8 Þ	Jólaball	8 F	Bóndadagur	8 M	Bolludagur	8 M	Stærðfræðivika	8 F		8 L		8 Þ		8 F	
9	S		9 M		9 F	Skipulagsdagur	9 M		9 M		9 L		9 Þ	Sprengidagur	9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 F	
10	M		10 F		10 L	Kirkjugerði á afmæli	10 Þ		10 F		10 S		10 M	Öskudagur	10 M		10 L		10 M		10 F		10 L	
11	Þ	Leikskólinn opnar kl:10.00	11 F		11 S	Fæðingardagur forseta Íslands (HT)	11 M		11 F		11 M	Vika ljóss og skugga	11 F	Dagur íslenska táknmálsins	11 F		11 S		11 Þ		11 F		11 S	
12	M		12 L		12 M		12 F		12 L		12 Þ		12 F		12 F		12 M		12 M	Foreldrakaffi	12 L		12 M	
13	F		13 S		13 Þ		13 F		13 S		13 M		13 L		13 L		13 Þ		13 F		13 S		13 Þ	
14	F		14 M		14 M		14 L		14 M		14 F		14 S		14 S	Dagur stærðfræðinnar	14 M		14 F		14 M		14 M	
15	L		15 Þ		15 F		15 S	Lestrarátak Lubba lýkur	15 Þ		15 F		15 M		15 M	Tannverndarvika	15 F		15 L		15 Þ		15 F	
16	S		16 M	Dagur íslenskrar náttúru	16 F		16 M	Dagur íslenskrar tungu	16 M		16 L		16 Þ		16 Þ		16 F		16 S	Hvítasunnudagur	16 M		16 F	
17	M		17 F		17 L		17 Þ		17 F		17 S		17 M		17 M		17 L		17 M	Annar í Hvítasunnu	17 F	Lýðveldisdagurinn	17 L	
18	Þ		18 F		18 S		18 M		18 F		18 M		18 F		18 F		18 S		18 Þ		18 F		18 S	
19	M		19 L		19 M	Vetrarfrí / skráningardagar	19 F		19 L		19 Þ		19 F		19 F		19 M		19 M		19 L		19 M	
20	F		20 S		20 Þ	Vetrarfrí / skráningardagar	20 F	Dagur mannréttinda barna	20 S		20 M		20 L		20 L		20 Þ		20 F		20 S		20 Þ	
21	F		21 M		21 M	Vetrarfrí / skráningardagar	21 L		21 M		21 F		21 S	Konudagur - upphaf Góu	21 S	Pálmasunnudagur	21 M		21 F		21 M		21 M	
22	L		22 Þ		22 F	Vetrarfrí / skráningardagar	22 S		22 Þ		22 F	Bóndadagur - upphaf Þorra Þorragleði	22 M		22 M	Dymbilvika/skráningardagar	22 F	Sumardagurinn fyrsti	22 L		22 Þ		22 F	
23	S		23 M		23 F	Vetrarfrí / skráningardagar	23 M		23 M	Þorláksmessa/ skráningardag	23 L		23 Þ		23 Þ	Dymbilvika/skráningardagar	23 F		23 S		23 M		23 F	
24	M		24 F		24 L	Fyrsti vetrardagur	24 Þ		24 F	Aðfangadagur jóla	24 S		24 M		24 M	Dymbilvika/skráningardagar	24 L		24 M		24 F		24 L	
25	Þ		25 F		25 S		25 M	Heimsókn í Kirkjuna	25 F	Jóladagur	25 M		25 F		25 F	Skírdagur	25 S		25 Þ		25 F		25 S	
26	M		26 L	Evrópski tungumáladagurinn	26 M		26 F		26 L	Annar í jólum	26 Þ		26 F		26 F	Föstudagurinn langi	26 M	Plokkdagurinn	26 M		26 L		26 M	
27	F		27 S		27 Þ	Bangsa og náttfatadagu	27 F		27 S		27 M		27 L		27 L		27 Þ		27 F		27 S		27 Þ	
28	F		28 M		28 M		28 L		28 M	Skráningardagar	28 F		28 S		28 S	Páskadagur	28 M		28 F		28 M		28 M	
29	L		29 Þ		29 F		29 S		29 Þ	Skráningardagar	29 F				29 M	Annar í Páskum	29 F		29 L		29 Þ		29 F	
30	S		30 M		30 F		30 M		30 M	Skráningardagar	30 L				30 Þ		30 F		30 S		30 M		30 F	
31	M				31 L				31 F	Gamlársdagur	31 S				31 M				31 M				31 L	

Leikskólinn Kirkjugerði

Vestmannaeyjar 17. september 2026

Efni: Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Kirkjugerðis skólaárið 2026-2027

Starfsáætlun Kirkjugerðis fyrir skólaárið 2026-2027 var yfirfarin af foreldraráði í september 2026. Það er niðurstaða ráðsins að starfsáætlun, matsáætlun og umbótaáætlun sé metnaðarfull og starfið fagmannlega unnið og skipulagt. Stjórnendur og starfsfólk skólans eiga hrós skilið fyrir sína vinnu við þær miklu breytingar sem átt hafa sér stað á húsnæði Kirkjugerðis og fjölgun barna síðastliðið ár.

Foreldraráð hefur engar frekari athugasemdir um áætlanirnar fyrir skólaárið 2026-2027.

Foreldraráð vill beina því til Vestmannaeyjabæjar að hugað verði betur að starfsaðstöðu starfsfólks á Kirkjugerði. Aðstaða og innviðir leikskólans þurfa að þróast í takt við fjölgun barna og starfsfólks og telur foreldraráð óásættanlegt að svo hafi ekki verið. Það ætti að vera lágmarkskrafa að deildarstjórar og leikskólakennarar hafi viðunandi aðstöðu til að sinna undirbúningsvinnu og geti átt samskipti við foreldra í næði.

Foreldraráð Kirkjugerðis,

Björg Þórðardóttir, formaður

Amalía Petra Duffield

Dóra Sif Egilsdóttir

Guðmundur Jónsson

_____ _____

Björg Þórðardóttir *Eyja Bryngeirsdóttir*

F.H Foreldraráðs *Skólastjóri Kirkjugerðis*